

## Framvinduskýrsla Markaðsstofa Suðurlands júní – okt 2011

### Ráðning starfsmanns - samstarf v. Vinnumálastofnun

Um miðjan júní var samið við Vinnumálastofnun Suðurlands um tímabundna ráðningu starfsmanns í 100% stöðu. Stendur Vinnumálastofnun straum af kostnaði til helminga á móti Markaðsstofunni. Ráðin var María Rún Þorsteinsdóttir, BA í stjórnmálafræði og diplóma í kennsluréttindum. Helstu verkefni hennar hafa verið fólgin í að vinna að kynningum og uppfærslu á heimasíðu Markaðsstofunar [www.south.is](http://www.south.is) ásamt því að sinna almennum verkefnum á skrifstofunni, þ. á m. undirbúningi að útgáfu landshlutabæklingsins. Samningurinn við Vinnumálastofnun var fyrst gerður til þriggja mánaða en hann var síðan framlengdur til annarra þriggja mánaða um miðjan september með fyrirheiti um þrjá mánuði í viðbót til 15. mars 2012. Það skiptir miklu máli fyrir vöxt og viðgang MSS að hafa getað bætt við sig og þjálfað annan starfsmann með aðstoð Vinnumálastofnunar. Með því móti getur starfsemin verið fjölbreyttari og fleiri verkefni komist í gang, en það er nauðsynleg forsenda fyrir að stofan geti vaxið og eflst.

### Kynning og ímynd Markaðsstofu Suðurlands

Það er mikilvægt fyrir ímynd MSS að starfsemin sé sýnileg í landshlutanum og að fyrirtækin líti á hana sem virkan bandamann í markaðssetningu. Liður í því er að sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt í landshlutanum. Í því skyni höfum við notið aðstoðar landshlutablaðanna og veðsíðna þar sem starfseminni hafa verið gerð góð skil á síðasta ári. Þá hafa heimsóknir erlendra agents (FAM- ferðir) vakið verðskuldaða athygli, sem og uppskeruhátiðin sem haldin var seint á síðasta ári með þátttöku iðnaðarráðherra og fleiri viðburðir.

Góð umfjöllun og kynning á starfsemi MSS skiptir sérstaklega máli þegar kemur að útgáfu landshlutabæklingsins og söfnun skráninga í hann. Um miðjan jún var öllum fyrirtækjum og stofnunum á Suðurlandi sent kynningarblað undir yfirskriftinni: **Vertu með í öflugum samfélagslegu samstarfi á Suðurlandi með því að gerast aðili að Markaðsstofu Suðurlands.** Þar var ávinningurinn af þátttöku í MSS kynnt á svofelldan hátt:

1. Stefnumót við innlenda og erlenda ferðasala
2. Ítarleg skráning í landshlutabæklinginn – South Iceland Official Tourist Guide
3. Ítarleg skráning á öflugasta ferðavef Suðurlands [www.south.is](http://www.south.is)
4. Möguleikar til kynningar á ýmiss konar sýningum tengdum fagaðilum og neytendum sem MSS tekur þátt í.

Auk þess hafa starfsmenn MSS ásamt ferðamálafultrúum og starfsmönnum upplýsingamiðstöðva, Háskólasamfélagsins og Atvinnuþróunarfélagsins unnið ötullega að því að kynna starfsemi MSS. Árangurinn hefu ekki látið á sér standa og á fimmta tug nýrra fyrirtækja hafa skráð sig til þátttöku sem aðilar að Markaðsstofu Suðurland í sumar. Ætlunin er að halda áfram kynningu á starfseminni og hvetja fyrirtæki til þátttöku. Á næstunni verður sérstök áhersla lögð á framleiðslufyrirtæki og veitingastaði í fjórðungnum.

## Dreifing á landhlutabæklingi sumar 2011

Dreifing á landshlutabæklinginum hefur verið alveg í okkar höndum. Leitast hefur verið við að dreifa bæklingnum á mikilvæga staði, svo sem í allar upplýsingamiðstöðvar í Reykjavík og landamærastöðvar í Keflavík, Seyðisfirði og Egilstöðum ásamt fjölda staða í fjórðungnum, upplýsingamiðstöðvum svæða og víðar. Í fyrra var bæklingurinn prentaður í 30.000 eintök og var upplagið á þrotum um miðjan ágúst. Stærstum hluta þess var dreift á Keflavíkurflugvelli og í upplýsingamiðstöðvunum í Aðalstræti og Bankastræti. Því munum við leitast við í næstu útgáfu að vera með sem mest magn bæklinga á þessum stöðum.

## Landhlutabæklingur 2012

Um miðjan júní var byrjað að vinna að gerð landshlutabæklingis „South Iceland - official tourist guide 2012. Um 1200 fyrirtækjum á Suðurlandi var sent kynningablað með kynningu á Markaðsstofu Suðurlands. Í kjölfarið hringdu starfsmenn MSS markvisst í ferðaþjónustufyrirtæki sem ekki eru aðilar og buðu aðild að MSS og þar með ítarskráningu í bæklinginn. Sú vinna skilaði góðum árangri og fjöldinn allur af nýjum fyrirtækjum skráðu sig til þáttöku.


Töluverð vinna var fólgin í skráningu á nýjum fyrirtækjum og á eftir tók við tímafrekur yfirlestur og leiðréttingar á þjónustulistum, skráningar á eldri og nýjum aðilum. Meðal annars þurfti að hringja í öll þau fyrirtæki sem vantaði myndir og texta hjá og fór mikil vinna í að heimta þessar upplýsingar sem fengust að mestu að lokum með ítrekuðum netpóstum og hringingum. Má segja að laun erfiðisins hafi skilað sér þar sem þjónustulistar eru orðnir mjög viðundandi.

Við uppsetninguna á bæklingnum var lagður metnaður í val á myndum og ákveðið að kaupa valinkunnar myndir af nokkrum fagaðilum s.s. á forsíðu og víðar.

Hönnuður kom austur tvisvar sinnum og vann með starfsmönnum við að fara yfir uppsetningu á bæklingum lið fyrir lið, þar með talið leturgerð, fyrirsagnir, liti og annað. Breyta þurfti og bæta við textum, gæta innra samræmis og setja þá á rétt form eftir handrits- og prófarkalestur. Töluvert var um villur í kortagrunni og fór mikill tími og námkvæmisvinna í að leiðrétta grunninn. Bæði þurfti að uppfæra eldri staðsetningar og bæta við staðsetningum hjá nýjum fyrirtækjum.

Bæklingurinn hefur tekið miklum breytingum frá því í fyrra. Þannig hefur verið bætt við kafla um Kötlu-jarðvang, kafla er um áhugaverðar aksturleiðir á Suðurlandi, sérstakur kafla um sundlaugar á Suðurlandi, svo eitthvað sé nefnt. Bæklingurinn er því orðin mun efnismeiri en áður og gefur góðan þverskurð af svæðinu. Við prentun í ár er hann orðin 226 blaðsíður í staðinn fyrir 176 síður í fyrra. Í samanburði við aðra landshlutabæklinga er hann bæði stærri og mun ítarlegri.

Bæklingurinn kom úr prentun í byrjun september. Prentuð voru 35.000 eintök. Þegar verkinu var lokið var öllum fyrirtækjum og stofnunum í MSS sent eintak og bréf með kynningu á bæklingnum. Ákveðið var að leigja geymslupláss undir bæklinginn hjá Upplýsingamiðstöð Suðurlands í Hveragerði en Upplýsingamiðstöðin tekur virkan þátt í dreifingu bæklinginsins.



## Ímyndarbæklingur – lokker

Í tengslum við ITB sýninguna í Berlín í vor var útbúinn léttur ímyndarbæklingur. Hann var notaður til að dreifa til neytenda og kveikja áhuga fólks á Suðurlandi sem áhugaverðum áfangastað. Í lok sumars þegar upplag landshlutbæklingsins var á þrotum var ímyndarbæklingurinn betrumbættur með þjónustulista yfir öll fyrirtæki og stofnanir í MSS. Bæklingurinn er ódýr og auðveldur í framleiðslu og gott tæki til að dreifa í miklum fjölda á meðan landshlutbæklingurinn þjónar meira þeim sem eru komnir á staðinn og eru að leita sér upplýsinga um aðstæður í fjórðungnum.

Byrjað var á að fara yfir lista yfir alla sem eru með aðild að MSS, gerð ítarskráning á [www.south.is](http://www.south.is) þar sem hana vantaði og tekin út ítarskráning um þá sem ekki voru aðilar að MSS. Svo var gerður þjónustulisti fyrir ímyndabæklinginn. Það var mikil og seinleg vinna og tók um 2 vikur.

Hugmyndin er að útfæra hönnun á ímyndarbæklingnum enn frekar og prenta hann með og án þjónustulista til dreifingar fyrir erlenda ferðakaupendur og á neytendasýningum erlendis og innanlands.

## Bókunar- og upplýsingamiðstöðvar

Töluverð samvinna er við Upplýsingamiðstöð Suðurlands, þ. á m. um dreifingu á landshlutabæklingnum, svörun almennra fyrirspurna um Suðurland og uppfærslu viðburðadagatala á heimasíðum [www.south.is](http://www.south.is) á ensku og íslensku. Eins hefur upplýsingamiðstöðin komið að einstökum verkefnum á vegum MSS, svo sem undirbúningi við FAM-ferðir, Inspection-ferðir og ferð sem undirbúin var sl. vor fyrir fulltrúa ferðaskrifstofa og upplýsingamiðstöðva af höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingamiðstöðin hefur reynst ómetanlegur stuðningur við kynningu á starfsemi MSS meðal ferðþjónstuaðila og annarra sem hafa áhuga.

Í tengslum við upplýsingaveitu um Suðurland hefur komið upp sú hugmynd að virkja hópferðaleyfishafa í fjórðungnum. Í því skyni gætu áætlunarbílar sem hafa bílfreyjur og þjóna boðið uppá gagnvirkar upplýsingar um þjónustu og afþreyingu á svæðinu og gengið frá sölu og bókunum meðan á ferð stendur þannig að ferðamaðurinn sé í öruggri höfn þegar á áfangastað er komið. Þessar hugmyndir hefur framkvæmdastjóri MSS rætt við forsvarsmenn Sterna og hugmyndin er að útfæra þetta enn frekar með Upplýsingamiðstöð Suðurlands og kynna fyrir fleiri aðilum.

Kynning og samskipti við upplýsingamiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og á Keflavíkurflugvelli hefur skilað góðri kynningu á fjórðungnum. Í því skyni höfum við einsett okkur að vera alltaf til taks með allt kynningarefni og sjáum til þess að jöfn og góð miðlun upplýsinga sé að finna á þessum stöðum.

## Myndabanki - Samningar

Mjög mikilvægt er að hafa yfir fjölbreyttu myndefni að ráða. Þar sem úr takmörkuðu fé er að spila og mikið framboð af efni, var farin sú leið að semja við aðila um notkun á myndefni gegn kynningu á heimasíðu MSS [www.south.is](http://www.south.is). Þannig var gengið frá samningum við ljósmyndaklúbbinn Blik um notkunarrétt á myndum félagsmanna í kynningarefni MSS. Sama á við um nýtingarrétt við uppsetningu á myndabanka fyrir Suðurland inn á [www.south.is](http://www.south.is). Sambærilegur samningur var gerður við Tim Volmer ljósmyndara, þó með aðeins öðru sniði. MSS kaupir þannig ákveðinn fjölda mynda og greiðir fyrir notkun þess á heimasíðu og í kynningarefni. Á [www.south.is](http://www.south.is) geta þeir aðilar sem áhuga hafa á myndefni frá þessum aðilum keypt það milliliðalaust.

Leitast verður við að ganga frá fleiri samningum og tryggja þannig gott og fjölbreytt úrval af myndum úr fjórðungnum. Flestir ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Markmiðið er að MSS hafi á hverjum tíma aðgang að góðu myndefni á sem ódýrasta hátt.

### **Viðbragðsteymi í tengslum við náttúruhamfarir**

Að beiðni framkvæmdastjóra MSS var sá hinn sami ásamt formanni Ferðamálasamtaka Suðurlands boðaðir á fund Almannaákvæðis í tengslum við náttúruhamfarir í vor og sumar í svokölluðu viðbragðsteymi sem er ætlað að halda utan um viðbragðsáætlun á hamfarasvæðum og koma upplýsingum til skila innan og utan svæðis. Að mati framkvæmdastjóra var mikilvægt að menn af svæðinu tækju þátt í umræðunni og gæfu sína sýn á aðstæður. Var það vel þegið þar sem fundinn sátu ýmsir fulltrúar ferðaþjónustunnar ásamt starfsmönnum iðnaðarráðuneytisins, Íslandsstofu og Ferðamálastofu.

### **Markaðsátak í V-Skaftafellssýslu**

Í kjölfar eldgossins í Grímsvötnum í byrjun júní var það samdóma álit manna á svæðunum í kringum Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustur að ímynd þeirra hefði að ósekju orðið sérstaklega illa úti í umfjöllun um áhrif náttúruhamfaranna. Í ljósi neikvæðrar umfjöllunar í fjölmiðlum voru heimamenn sérstaklega uggandi yfir minni aðsókn innlendra ferðamanna á þessi svæði. Því var talið nauðsynlegt að rétta hlut þeirra og minna sérstaklega innlenda ferðamenn á svæðið með áherslu á grennd þess við höfuðborgina. Af þessu tilefni stóðu iðnaðarráðuneytið, Markaðsstofa Suðurlands og Ferðamálasamtök Suðurlands fyrir sameiginlegu markaðsátaki í V-Skaftafellssýslu dagana 27. júní til 1. júlí sl.

Átakið var fólgið í að bjóða ferðamönnum á Suðurlandi ókeypis tjaldstæði á öllum tjaldsvæðum við og í kringum Kirkjubæjarklaustur í Skaftárhreppi og Vík í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu. Framkvæmd verkefnisins var með þeim hætti að iðnaðarráðuneytið lagði til umsamda fjárhæð til að greiða rekstraraðilum tjaldsvæða fyrir kostnað við tjaldgistingu. Auk þess voru keyptar skjáauglýsingar og lesnar auglýsingar á RÚV og sjónvarpstöðinni INN og blaðaauglýsingar á Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Heildarkostnaður við þetta nam kr. 3.500.000.

Lögd var áhersla á að kynna fjölbreytileika svæðisins og að í báðum þéttbýliskjörnunum væru góðar sundlaugar og fín aðstaða til alls kyns íþróttaiðkunar. Sveitarfélögin Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur lögðu áttakinu jafnframt lið með því að bjóða ferðamönnum ókeypis aðgang að sundlaugum föstudaginn 1. júlí.

Almennt voru sveitarstjórnarmenn og ferðaþjónustuaðilar ánægðir með átakið þó svo veður hafi sett strik í reikninginn en það rigndi töluvert þá daga sem á áttakinu stóð. Þó fannst einhverjum tjaldþjónustuaðilum að auglýsa hefði mátt betur tjaldsvæðin fyrir utan þéttbýliskjarnana. Eins töldu sumir að útlendir ferðamenn hefðu einna helst notið góðs að áttakinu.

### **Stjórnarfundir**

Haldnir hafa verið reglulegir stjórnarfundir fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Á síðasta stjórnarfundum í byrjun september var farið yfir stefnumótunarskýrslu MSS og sérstaklega farið ofan í saumana á hvernig henni hefði verið fylgt eftir með einstökum verkefnum. Niðurstaða fundarins var sú að

almennt hefði stefnunni verið fylgt vel eftir, starfsemi MSS væri á réttri leið og verkefni sem unnið væri að í góðum farvegi.



### Sýningar

Undirbúningur og vinna við VestNorden er mikilvægur þáttur í starfsemi MSS. Þar hæst vinna við landshlutbækling sem gefinn er út í tengslum við sýninguna. Í ár var sýningin haldin í Færeyjum dagana 13. til 14. september. Við Sunnlendingar sýndum á sýningunni samstöðu með því að básarnir okkar voru allir skreyttir sams konar borðskreytingum. Það fór því ekki á milli mála hverjir væru þar á ferð. Á sýningunni voru um

sextán sýnendur aðilar að Markaðsstofu Suðurlands. Í ár sat framkvæmdastjóri MSS einn á básnum og sinnti öllum viðtölum. Mikill áhugi ferðakaupenda var á Suðurlandi og dagskrá báða dagana þéttskipuð viðtölum. Mikið var um fyrirspurnir um afþreyingu og ný fyrirtæki á svæðinu ásamt miklum áhuga á FAM- og pressuferðum. Yfirhöfuð virtust viðmælendur vera að kynna sér vöru og þjónustu í fjórðungnum af ósviknum áhuga og í fullri alvöru, en ekki bar eins mikið á auglýsingasöluólufki eins og verið hefur mikið um seinustu ár.

### Heimsóknir um svæðin

Framkvæmdastjóri hefur jöfnum höndum heimsótt einstök svæði á Suðurlandi og lagt áherslu á að halda góðu sambandi við ferðapjóna og sveitarstjórnarmenn ásamt því að vera í reglulegu sambandi við ferðamála- og menningarfulltrúa sveitarfélaganna. Með reglulegum FAM- og kynnisferðum á vegum MSS á Suðurlandi hefur MSS og verkefni á hennar vegum orðið sýnilegri. Með reglulegum fréttatilkynningum og upplýsingum um starfsemi MSS í landshlutablöðunum hafa almenningur og fyrirtæki einnig vaknað til vitundar um starfsemi MSS og það hefur skilað sér í aukinni aðild.



### Fræðandi ferðapjónusta

MSS fékk úr vaxtasamning iSuðurlands 5.000.000 kr. til eflingar Fræðandi ferðapjónustu. Má segja að verkefnið sé komið vel á veg. Haldin hafa verið námskeið og unnið að greiningu verkefnisins. Háskólafélag Suðurlands heldur að mestu utan um þróun verkefnisins en Markaðstofan kemur meira að verkefninu sem ráðgafi í ferðamálum og stuðningur við kynningu og markaðsmál. Á næstu vikum má vænta stöðumats um verkefnið sem sent verður öllum hluteigandi aðilum. Nokkrir fundir hafa

verið haldnir bæði austur á Höfn með Háskólasetrinu sem kemur að verkefni þar og eins á Selfossi með Háskólafélaginu.

#### **N-4**

Landshlutasjónvarpsstöðin N-4 hefur verið í viðræðum við MSS um aðkomu að mótun starfs og gerð sjónvarpsefnis um Suðurland sem sýnt yrði á útsendingarrás þeirra. Stjórn MSS ákvað í vor að leggja 150.000 kr. til verkefnisins ásamt því að leggja til aðstoð starfsmanna MSS við val á efnistökom og annað. Í tengslum við þessa þróunarvinnu er verið að leita að starfsmanni í gegnum Vinnumálastofun og að þeir fjármagni verkefnið að hluta fyrstu mánuðina. Markmiðið er að úr geti orðið eitt eða tvö störf við gerð sjónvarpsþátta um Suðurland.

#### **Endurnýjun þjónustusamninga**

Um þrettán sveitarfélög eru með þjónustusamninga við MSS. Af þeim eru ellefu með samning til ársins 2014 en sveitarfélögin Árborg og Ölfus eru með lausa samninga núna um áramótin. Í byrjun september voru send erindi til þessara sveitarfélaga um endurnýjun samninga ásamt því að sveitarfélaginu Rangárþing ytra var sent erindi um þjónustusamning til eins árs frá og með næstu áramótum. Í kjölfarið á þessum erindum fór framkvæmdastjóri á fund bæjar- og sveitarstjóra og kynnti verkefni MSS ásamt því að fá þeirra sýn á samstarfið við MSS. Hefur framkvæmdastjóri mætt mjög jákvæðu viðhorfi í garð MSS hjá þessum aðilum.

#### **Vinna við heimasíðu**

Mikil vinna hefur farið í innsetningu á myndum á [www.south.is](http://www.south.is). Bæði á forsíðu (banner) og í myndagalleríi. Mikil þörf hefur verið á samræmdum myndabanka fyrir allt Suðurland þar sem þeir sem eru að kynna Suðurland geti sótt sér myndefni. Í tengslum við þessa vinnu var gengið frá samningum við ljósmyndaklúbbinn Blik og Tim Volmer um notkun mynda í þágu sunnlenskrar ferðapjónustu. Bættist þetta við fjölda mynda sem MSS hefur yfir að ráða frá fjölda aðila víða af Suðurlandi. Í því samhengi má benda á að aðilar hafa verið hvattir til að láta MSS í té myndefni til dreifingar frítt.

Í tengslum við náttúruhamfarir í vor og sumar hefur það sýnt sig hversu mikilvægt er að koma réttum skilaboðum út á markaðinn strax. Í því skyni höfum við reglulega komið upplýsingum um ástand mála á hamfarasvæðum inná [www.south.is](http://www.south.is) og eins sent fjöldapósta á ferðakaupendur innanlands sem utan.

Unnið hefur verið að því að fá myndir og texta bæði fyrir heimasíðu og bæklinginn frá aðilum að MSS. Sendur var tölvupóstur til allra fyrirtækja og stofnana á Suðurlandi sem eru aðilar að MSS og fengust einhver svör. Einnig voru einhverjar upplýsingar og myndir teknar af heimasíðum fyrirtækjanna. Þá hefur verið unnið að því að koma skipulagi á allan þann fjölda mynda sem okkur hafa borist frá aðilum MSS. Gerðar hafa verið möppur fyrir hvern og einn aðila til að gera upplýsingar um þá aðgengilegar. Unnið er að samræmdri og tæmandi skráningu allra aðila í MSS og setja inn myndir og texta fyrir þá sem vantar. Allt er þetta seinleg vinna en þörf þar sem slæmt er hafa göt í heimasíðunni eða mikið ósamræmi í skráningum um einstaka aðila.

Myndir frá ljósmyndaklúbbnum Blik og fleirum hafa verið settar í banner. Breyta þurfti hverri einustu mynd svo hún passaði inn í skráarsnið (formatið). Útbúin hafa verið myndaalbúm á síðuna með

mismunandi áherslum: náttúra, afþreying, vetur, menning & saga. Settar hafa verið viðeigandi myndir frá Blik í hvern flokk. Þá hefur nýtt logo fyrir MSS verið sett inn á forsíðuna.

**Helstu verkefni framundan:**

- Setja inn nýjar myndir í banner á heimasíðuna og fleiri myndir í myndasafnið
- Ljúka yfirferð á skráningu á hverjum einasta aðila í MSS, **mjög** tímafrek vinna !
- Gera átak varðandi uppfærslu á facebook síðu South.is , hef þó reynt að hafa líf á síðunni en það sat svolítið á hakanum þegar mesta álagið var vegna landshlutabæklingsins.
- FAM og Inspection ferðir – heimsóknir erlendra ferðaagenta á Suðurland.
- Athugun á samstarfi við flugfélög um að halda workshop m/sunnlenskum ferðaþjónunum í Skandinavíu og USA – ath .study tours?
- Undirbúningur fyrir Suðurlandssýningu i mars. Vinna við kynningu á sýningu og tenging við matarklasana á Suðurlandi.
- Markaðssetning innanlands í samstarfi við markaðsstofur annarra landshluta.

**DAS/3/10/2011**